



# PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í febr. Efni þarf að berast í síðasta lagi **2. febr. 2020**



## Frá Bókasafni Hrunamanna



### Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 11-13



Nú er mikið af nýjum bókum á bókasafninu, verið velkomin að kíkja við.

Inn á slóðunum <http://leitir.is> og [www.gegdir.is](http://www.gegdir.is), nánar tiltekið inná „*Mínur síðum*“ geta lánþegar séð skiladag, framlengt lánum og fleira.

**Alltaf** er hægt að skila safngögnum í skilalúgunu.

Sjáumst á bókasafninu ☺


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  facebook



Gegdir



leitir.is

## Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánudaga og þriðjudaga: **16:00-21:00**

Miðvikudaga og föstudaga: 17:00-21:00

**Fimmtudaga: LOKAÐ**

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



## Tækjasalur í Íþróttahúsi.

Mánudaga til fimmtudaga: 16:00-21:30.

Föstudaga: 13:00-18:00

Tækjasalurinn er einnig opinn um helgar ef mót eru í gangi í húsinu. Fylgist með á facebook.

Jan 2020  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
svanhildur@fludir.is

30. árgangur.  
345.tölublað.  
pesi@fludir.is.  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Þá er árið 2020 runnið upp og heilsar okkur með köflóttum vetri. Við getum reyndar ekki kvartað mikið því fólkið og samfélögin fyrir norðan eiga samúð mína alla hvernig vetur konungur getur leikið lausum haga.

Þessi „áminning“ um að það getur komið alvöru hamfaraveður verður vonandi til þess að ýmsum innviðamálum verður ýtt áfram en flest snúa þau að landsbyggðinni og búsetumöguleikum þar.

Ef við hugsum inn á við þá er sveitarfélagið sjálft í vel stakk búið með varaafli o.fl. en það tengist mikilli fyrirhyggju og uppbyggingu hjá Hitaveitu Flúða sem síðan nýtist öðrum stofnunm sveitarfélagsins. Mér er það reyndar til efs að nokkurt sveitarfélag á Íslandi sé jafnvel búið varaafli og öðrum græjum eins og Hrunamannahreppur ef kæmi til viðvarandi rafmagnsleysis eða annars vesens. Síðan veit ég að mörg bú og fyrirtæki í sveitarfélaginu hafa gert viðeigandi ráðstafanir sem er vel en hvet þá sem ekki hafa hugað að þessum málum og hafa hagsmuni, að gera það því oft er of seint að byrgja brunninn þegar barnið er fallið í hann.

Nú er verið að huga að ljósleiðaravæðingu Flúða og taka ákvarðanir um hvernig hægt er að koma því við ef áhugi er á meðal íbúa og fyrirtækja að taka þátt í því samfélagslega verkefni. Varðandi Hrunaljóss þá hefur rekstur kerfisins gengið vel og vonandi upplifa notendur gæði verkefnisins á eigin skinni.

Þátttaka íbúa hefur verið góð en hins vegar vil ég hvetja þá sem ekki hafa tengst Hrunaljósi en það geta að gera það þannig að línugjaldið renni til samfélagsins.

Vaðandi úrgangsmálin endalaus þá hefur verið gerð sú breyting að taka upp mannaða [opnunartíma á gámasvæðinu á Flúðum og að opnunartíminn verði frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og laugardaga. Á þetta vonandi að leiða til betri þjónustu varðandi flokkun o.fl. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið aðgengilegt á fæti og auk þessi verður í neyðartilvikum hægt að hafa samband við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu. Gert er ráð fyrir að þessi breyting taki gildi frá og með 20. janúar nk.](#)

Núna eru tölur fyrir kostnað vegna úrgangsmála fyrir árið 2019 að koma úr kafinu og líta hreint út sagt ekki vel út.

Mér sýnist að kostnaður við sorpeyðinguna eina og sér verði um 19 milljónir og hækki um um 6 millj. á milli ára og er þá ótalin hækkun á öðrum kostnaði við hirðingu og meðhöndlun á úrgangi.

Þetta sýnir hvað það skiptir máli að flokka betur og við þurfum að bæta við fleiri möguleikum upp á gámasvæðinu, sérstaklega hvað varðar grófa úrganginn sem þarf að flokka mikið betur niður. Síðast en ekki síst er það umhverfisárangur sem samhliða verður til í tengslum við að ná árangri í úrgangsstjórnun og þessari blessaðri neyslu okkar.

Við hvetjum síðan fólk til þess að nýta sér þær „afurðir“ sem til falla á gámasvæðinu. Má þar nefna trjáskurl, byggingareiningar, timbur í kamínuna eða annað sem þyrfti annars að farga. Við hvetjum til endurnýtingar og endurnotkunar á sem flestu.

Það er gaman að sjá þegar nýjir atvinnusprotar verða til í sveitarfélaginu og nú mun húsið „Steðji“ að hluta til vera komið með nýtt hlutverk. Ég vil hrósa Guðríði Evu fyrir framtakið að stofna fyrirtækið „Dýralæknirinn Flúðum“ en ég veit að sú dýralæknisþjónusta mun nýtast svæðinu öllu og auka þjónustustigið.

Árið 2019 voru jólar og áramót kvödd með blautum brennum um áramót og „helgarþrettandanum“ en rúsinan í pylsuendanum var síðan glæsileg flugeldasýning hjá Björgunarfélaginu Eyvindi. Vil ég þakka öllum sjálfboðaliðum sem komu að þessum viðburðum til að gleðja okkur hin. Að lokum hvet ég fólk til að stríða myrkrinu og láta ljós loga út janúarmánuð.

Ég vil óska öllum gleðilegs og gæfuríks nýs árs og þakka fyrir góð samskipti á því liðna.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

## ***Skrifstofa Hrunamannahrepps.***

***Opnunartími.***

***Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00***

***Föstudaga: 09:00-12:00***

**Sími: 480-6600**



Hrunamannahreppur

Kæru Hrunamenn og aðrir lesendur.

Nú er nýtt ár gengið í garð og má segja að þegar litið er um öxl að þá hafi árið 2019 verið okkur býsna gott. Okkur Hrunamönnum hefur fjölgað á árinu og var íbúatalan núna 1. janúar komin í 817 og er það nokkur fjölgun frá því fyrir ári síðan. Húsnæði er í byggingu og fleiri íbúðir því að bætast við á svæðinu sem vonandi gerir það að verkum að fleiri geti sest hér að með fasta búsetu. Samfélagið okkar er gott og hér er mikið og blómlegt íþrótt-, æskulýðs- og menningarstarf og öflug félög sem halda utan um það. Félög sem við sem samfélag getum ekki verið án og gera lífið okkar svo miklu betra.

Í maí var skrifað undir formlega staðfestingu á verkefninu Heilsueflandi samfélag milli Hrunamannahrepps og Landlæknisembættisins. Á sama tíma skrifuðu einnig fjöldamörg félagasamtök og stofnanir hér í sveit undir að þau myndu taka þátt í verkefninu og leggja áherslu á þá þætti sem liggja fyrir hverju sinni. Í lok árs var ákveðið að sveitarfélögin fjögur í uppsveitunum ráði sameiginlegan starfsmann Heilsueflandi samfélags og mun hann sjá um að halda utanum það verkefni fyrir öll sveitarfélögin. Teljum við það góðan kost að hafa sameiginlegan starfsmann enda öll þessi sveitarfélög að taka þátt í verkefninu.

Skólarnir okkar halda áfram að standa sig vel í því að mennta börnin okkar og ekki bara er verið að vinna að hefðbundinni menntun heldur er sífellt verið að bæta í þekkingarbanka barnanna með óhefðbundnu kennsluformi og áskorunum og koma þannig á móts við hinar fjölbreyttu þarfir allra nemendanna. Það er ekki bara gott fyrir nemendurna heldur er það hagar alls samfélagsins að hver og einn fái að efla sínar sterkustu hliðar.

Flúðaskóli hélt uppá 90 ára afmæli nú á haustmánuðum. Afmælið heppnaðist mjög vel og þökkum við nemendum og starfsmönnum fyrir skemmtilega afmælisveislu.

Fyrsta heila starfsári Hrunaljóss er nú lokið, notendum hefur fjölgað á árinu en þó ekki eins og áætlanir gerðu ráð fyrir og hefur það vantað að eigendur þess, íbúar Hrunamannahrepps, hafi tengt sig inná kerfið og látið línugjöldin renna til síns félags. Nú liggja fyrir hugmyndir um lagningu á ljósleiðara í Flúðahverfið og er verið að kostnaðarmeta það verkefni og verður tekin ákvörðun um hvort verður farið í þá framkvæmd nú í upphafi árs. Sorpmálin eru mál sem hafa verið fyrirferðamikil á árinu 2019 og munu eflaust verða áfram á komandi árum. Samþykkt var að ráða nýjan umsjónaraðila um gámasvæðið og var Jón G. Eiríksson ráðinn í starfið. Óska ég Jóni velfarnaðar í starfi og vil þakka Tómasi Þóri Jónssyni kærlega fyrir hans störf fyrir sveitarfélagið í gegnum árin.

Samstarfsverkefnið um seyruvinnslu hefur gengið vel og var veðurfar ársins hagstætt í seyrusöfnun. Hús yfir starfsemina er nú að rísa á Seyrustöðum og verður vonandi tilbúið á næstu vikum. Nú er verið að auglýsa eftir þjónustufulltrúa til starfa í verkefnið og vonumst við til að sá aðili geti hafið störf sem fyrst þar sem nóg af verkefnum liggja fyrir.

Alltaf er eitthvað verið að vinna í skipulagsmálum og stærsta verkefnið sem liggur fyrir núna er deiliskipulag fyrir lóðir undir fjallaskálana okkar og vonum við að það ferli muni klárast á fyrrihluta ársins.

Í lok árs var fjárhagsáætlun fyrir 2020 samþykkt. Áætlunin gerir ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu hjá A og B hluta upp á 49 milljónir.

Nettófjárfestingar ársins verða um 92 milljónir. Einhverjar lántökur þarf að fara úr vegna framkvæmda en skuldahlutfallið er að lækka hjá okkur og er áætlað að það verði 68% af heildartekjum. Ákveðið var að lækka álagningahlutfall fasteignaskatts í a flokki í 0,49% úr 0,50% til að vega á móti hækkun fasteignamats og vonumst við til að það komi fasteignaeigendum til góða. Við náum að sinna þó nokkuð af nýframkvæmdum og stórum viðhaldsverkefnum á hverju ári og er það ekki síst því að þakka hvað við eigum góðan starfsmannahóp sem með útsjónarsemi og elju láta verkefni ganga upp og vinna að hag sveitarfélagsins þannig að fjármunir nýtist sem best. Mörg mál hafa komið inná borð hjá okkur á liðnu ári og hvet ég alla til að lesa fundargerðir sveitarstjórnar, sem hægt er að nálgast á heimasíðunni okkar, til að fylgjast með því sem er að gerast á borði sveitarstjórnar því erfitt er að koma því öllu fyrir í einum pistli.

Að lokum vil ég óska þeim Áslaugu og Gunnlaugi í Miðfelli sem fengu umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps, Leikskólanum Undralandi sem fékk umhverfiskrón Hrunamannahrepps, Eypóri Orra Árnýni sem var kosinn íþróttamaður Hrunamannahrepps, og öllum þeim sem með atorku sinni og dugnaði náðu langt, innilega til hamingju með viðurkenningarnar.

Einnig vil ég þakka;

- öllum þeim sem leggja sitt af mörkum til að gera samfélagið okkar eins gott og það er.
- öllu okkar góða starfsfólki fyrir þeirra störf, bæði þeim sem starfa hér hjá okkur í sveitarfélaginu og þeim sem starfa fyrir okkur í samstarfsverkefnum.
- öllu nefndarfélaginu okkar sem situr í nefndum sveitarfélagsins fyrir þeirra störf.
- sveitarfélögunum hér á svæðinu fyrir gott samstarf á árinu.
- og sveitarstjórn fyrir gott starf á árinu og góða samvinnu.

Ég óska ykkur öllum gleðilegs árs og vona að nýja árið verði okkur öllum bjart og fagurt.

Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti Hrunamannahrepps.



# Sorphirðudagatal Hrunamannahreppur 2020

janúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

febrúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29

mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

apríl						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

maí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

júlí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	


ágúst						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

október						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

nóvember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

-  Sorp - Efri Hrunamannahreppur
-  Sorp - Neðri Hrunamannahreppur
-  Blátt - Allur Hrunamannahreppur
-  Brúnt - Allur Hrunamannahreppur
-  Rúlluplast - Allur Hrunamannahreppur



Athugið að losunardagar geta breyst án fyrirvara svo sem út af veðri. Hirðing fer þá fram við fyrsta mögulega tækifæri. Ekki verður tilkynnt um þetta sérstaklega. Flúðir skiptast milli svæða eftir Litlu laxá.

## NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it´s available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -  
facebook.com/NG ehf



### Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband  
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is  
Beint samband í flutningabíl 773-1626

# Nesfrakt

# KRANAÞJÓNUSTA

**B. R. SVERRISSON EHF.**

Sími 864 2499 (Bjarni)  
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter  
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

# Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

[www.baggamunur.is](http://www.baggamunur.is)

[s@baggamunur.is](mailto:s@baggamunur.is)

866-9035





## Hár-Hrun

Kæru fyrrverandi  
viðskiptavinir!!

Söknuðurinn er svo mikill að ég  
ætla að skella í kveðjupartý í  
Félagsheimilinu, fimmtudaginn

9. janúar kl: 16:00-18:00.  
Vonast til að sjá sem flesta  
af mínum fyrrverandi:)  
Kveðja, Inga Birna

## Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)

[www.sveitir.is](http://www.sveitir.is)

Upplýsingar um ferðapjónustu  
og viðburði í Uppsveitunum

## Flokkunarhornið.

**Litlir málm - og áhlutir mega fara í bláu tunnuna!!**



**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

**Samkaup** **strax**

### Flúðum

**Opnunartími 2019**

**Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-18:00**

**Föstudaga: 09:00-19:00**

**Laugardaga: 10:00-18:00**

**Sunnudaga: 12:00-17:00**

**Verið velkomin**

Starfsfólk Samkaupa Strax á Flúðum

Sími: 486 6633

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað - Húðhreinsun - Fótsnyrting - Handsnyrting -

Vaxmeðferðir - Litun og plokkun.

Tímappantanir í Síma 856-1599





Öll almenn smíðavinna,  
nýsmíði, viðhald og viðgerðir  
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499



RAFMAGNVERKSTÆÐI  
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:  
ALLA ALMENNA  
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU  
OG HÖNNUN  
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON  
893-7101  
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM  
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON  
899-9554  
ROBBIRAF@SIMNET.IS

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)

# 80

## STAÐIR

UM LAND ALLT



# EIMSKIP

Flytjandi



## ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

**EIMSKIP**  
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

## 20 ára afmæli

Í janúar eru 20 ár liðin frá því að Hjálparseitin Snækollur og Björgunarsveitin Fannar voru sameinaðar í Björgunarfélagið Eyvind.

Af því tilefni verður kaffisamsæti laugardaginn 25. janúar kl. 14 – 16 í húsi okkar að Smiðjustíg 8.

Hvetjum alla að líta við og fagna þessum áfanga með okkur.



*Björgunarfélagið Eyvindur*

## Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og laugardaga. Á þetta vonandi að leiða til betri þjónustu varðandi flokkun o.fl. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa samband við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu. **Gert er ráð fyrir að þessi breyting taki gildi frá og með 20. janúar nk.**

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Opnið alla daga vikunnar  
[www.fontana.is](http://www.fontana.is)

LAUGARVATN  
**fontana**  
Hölsulind frá landnámi

# Þorrablót Farmers Bistro

8. febrúar kl. 19:30.

Pantanir í s: 519-0808 eða á [booking@farmersbistro.is](mailto:booking@farmersbistro.is)

Garðastígur 8, 845 Flúðir

Farmers Bistro býður upp á stórglæsilegt þorrablót laugardaginn

8. febrúar

Veislustjóri verður hinn eini sanni Guðni Ágústsson

Fram koma:

**Frá getnaði til grafar**

Sönghópur karla í uppsveitum Árnessýslu

og

**Bistro Bandið**

**Verð 7.900 kr. á mann.**

## Súrmeti

Hrútspungar – súr sviðasulta – Lundabaggar – Bringukollar – Lifrapylsa –  
Blóðmör – Hvalrengi

## Nýmeti

Hangikjöt úr læri – Harðfiskur – Hákarl – Síldarsalöt – Flatbrauð – Rúgbrauð  
– Ný sviðasulta – Sviðakjamar – Köld rófustappa – Ítalskt salat


## Heitir réttir

Soðið saltköt með uppstúf og kartöflum  
og folaldapottréttur



We serve what we grow





## **BAÐSTOFUKVÖLD**

**VÖRÐUKÓRINN** Heldur sitt árlega Baðstofukvöld í Felagsheimili Hrunamanna á Flúðum föstudagskvöldið 7. febrúar kl. 20:30

Kappkostað er að bjóða upp á skemmtilega og fjölbreytta dagskrá og að sjálfsögðu býður þessi matglaði kór upp á veitingar, auk þess sem barinn verður opinn.

Uppsveitafólk er þekkt fyrir að skemmta sér og öðrum og verður þetta kvöld engin undantekning á því. Setið verður til borðs og notaleg stemning, gleði og gaman í fyrirúmi.

*Miðaverð er 2500 krónur.*





# Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta



Uppsveitadeildin 2020 verður með sama sniði og árið 2019, að undanskildum Smalanum, sem ekki verður hluti af dagskrá vetrarins. Keppniskvöldin verða því þrjú nú í stað fjögurra árið 2019. 7 lið eru skráð til leiks, alls 35 knapar og ljóst er að keppnin verður spennandi fram á lokakvöld !

## ***Dagsetningar vetrarins eru eftirfarandi***

– endilega taktíð kvöldin frá !!

31. janúar	Fjörgangur	<b>Keppni hefst kl. 20.00</b>
21. febrúar	Fimmgangur	<b>Kynning liða kl. 19.45</b>
13 mars	Tölt og Skeið	

**Aðgangseyrir 1500 kr**

**Fritt fyrir 12 ára og yngri**

Kynningar á liðum munu birtast jafnt og þétt í janúar á facebook síðu

deildarinnar - **Uppsveitadeildin 2020**

Við hvetjum fólk til að fylgjast vel með fréttum og öðrum upplýsingum deildarinnar þar sem og á heimasíðum og facebook síðum hestamannafélaganna og reiðhallarinnar.

*Hlökkum til að sjá sem flesta á fyrsta keppniskvöldi vetrarins!*



Ný hreinsistöð við Hellisholtalæk



## Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjapjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á [slökkvitaeki@babubabu.is](mailto:slökkvitaeki@babubabu.is)



## Litla Melabúðin

### FARMERS MARKET

Vetraropnun / **Winter opening hours**

Opið fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 13-17.

Lokað mánudaga til miðvikudaga.

Open from Thursday to Sunday from 1pm to 5pm



MELUM, FLÚÐUM  
HRUNAMANNAHREPP

Melum, Flúðum Hrunamannahrepp

@litlamelabudin

www.facebook.com/litlamelabudin/



## ÞJÓNUSTUFULLTRÚÍ SEYRUVERKEFNIS

Sveitarfélögin Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Grímsnes- og Grafingshreppur, Flóahreppur og Ásahreppur leita að jákvæðum og áhugasömum einstaklingi til starfa fyrir sveitarfélögin sem þjónustufulltrúi seyruverkefnis sveitarfélaganna. Verkefnið er samstarfsverkefni sveitarlaganna, Landgræðslunnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og reka sveitarfélögin móttökustöð fyrir seyru á Flúðum og annast hreinsun roþróa í sveitarfélögunum. Viðkomandi þarf að vera mjög fær í mannlegum samskiptum, tilbúinn að fást við ólík verkefni, skipulagður og sjálfstæður í vinnubrögðum. Skipulag vinnutíma tekur mið af því að hreinsun á seyrur fer fram á tímabilinu frá maí til október ár hvert.

### **Helstu verkefni og ábyrgð:**

Tengiliður milli fasteignareigenda og seyruverkefnis í sveitarfélögunum.

Sér um úrvinnslu gagna vegna verkefnisins.

Sinnir samskiptum og upplýsingagjöf.

Sinnir umhverfis- og úrgangsmálum.

### **Hæfniskröfur:**

Hæfni í mannlegum samskiptum.

Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi.

Goð almenn tölvukunnátta er æskileg.

Færni til tjáningar í rituðu og mæltu máli.

Goð staðarþekking nauðsynleg.

Ókuréttindi.

Stundvísir og reglusemi.

### **Frekari upplýsingar um starfið**

Laun eru samkvæmt gjaldandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Næsti yfirmaður er sveitarstjóri Hrunamannahrepps, Jón G. Valgeirsson, sem veitir nánari upplýsingar í síma 480 6600, eða [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is).

Umsóknnum ásamt ferilskrá má skila á netfangið [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is) eða með pósti merktum:

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir, v/starfisumsóknar. Öllum umsóknnum verður svarað.

Starfshlutfall er 100%. Starfið hentar einstaklingum óháð kyni. Umsóknarfrestur er til og með **20. janúar 2020**.